

Fundur 23. júlí 2007

Fundur var haldinn í **skipulags- bygginga- og hafnarnefnd** Reykhólahrepps mánudaginn 23. júlí 2007 kl. 15:00.

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún 1 blaðsíða að stærð.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson, Karl Kristjánsson, Guðmundur Ólafsson  
slökkviliðsstjór, Bogi Kristinsson byggingafulltrúi og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Sveinn bauð menn velkomna og setti fuindinn.

Dagskrá:

1. Umsókn dags. 19. júlí 2007 frá Guðbjörgu Guðmundsdóttur um leyfi til að byggja sumarhús í Kvígingisfirði. Umsókninni fylgja teikningar í þríriti og afstöðumynd með skráningartöflu. Áður en byggingaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir samþykki Brunamálastofnunar um efnisval hússins. Stækka þarf björgunarop á svefnlofti í samræmi við byggingaeglugerð. Gera þarf ráð fyrir slökkvitækjum. Byggingafulltrúa heimilað að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum ofanrituðum skilyrðum.
2. Teikning af sumarhúsi á lóð nr. 6 á Hyrningsstöðum. Sendandi Steinn Þorri Þorvarðarson. Ekkert skriflegt erindi fylgdi teikningunni, en í samtali við sveitarstjóra sagðist hann ætla að sækja um byggingarleyfi fyrir viðkomandi hús sem var reist án leyfis á sínum tíma. Senda þarf inn bygginganefndarteikningar til að hægt sé að afgreiða málið.

Til kynningar:

1. Bréf dags. 5. júlí 2007 frá Hafnasambandi Íslands um skerðingu aflaheimilda í þorski. Til kynningar.
2. Bréf dags. 21. maí 2007 frá Umhverfisstofnun varðandi endurbyggingu skúrs norðan við Vertshús í Flatey. Til kynningar.
3. Bréf dags. 19. júlí 2007 frá Veðurstofu Íslands um hættu vegna ofanflóða. Til kynningar.
4. Tölvupóstur frá Guðmundi Páli Ólafssyni varðandi Vorsali í Flatey. Til kynningar.

Önnur mál.

1. Bygginganefnd samþykkir að óska eftir því við Veðurstofu Íslands að meta hættu á ofanflóðum vegna fyrirhugaðrar hesthúsabyggingar skv. Aðalskipulagstillögu sem er í vinnslu.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 16:10.

Sveinn Ragnarsson (sign)  
Egill Sigurgeirsson (sign)  
Guðmundur Ólafsson (sign)  
Karl Kristjánsson (sign)

Bogi Kristinsson (sign)  
Óskar Steingrímsson (sign)